

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 30. júní 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um um fjölda íbúaráða í Breiðholti:

Flokkur fólksins leggur til að í Breiðholti verði tvö íbúaráð í stað eins. Hér er um að ræða eitt stærsta hverfið í Reykjavík sem samanstendur í raun af 4 svæðum/hverfum. Þau eru dreifð á stórt landsvæði. Lagt er jafnframt til að tillögunni verði vísað til stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir íbúaráð sem mun skoða samþykktina um íbúaráð með tilliti til þessarar tillögu. Rökin eru ekki síst þau að í svo stóru hverfi þar sem mikill og góður fjölbreytileiki ríkir geti verið erfitt að uppfylla væntingar allra hverfisbúa og því veitir ekki af tveimur íbúaráðum. MSS22060243